

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Austurgötu 11 - 13 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 16. október 2001 breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Austurgötu 11 - 13 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í því að safnahús verður íbúðarhús með vinnustofu og lóðir nr. 11 og 13 verða sameinaðar í eina lóð, en í dag stendur húsið á tveimur lóðum. Legu göngustígs er einnig breytt.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 6. mars 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.